

Góða kvöldið ágætu Ísfirðingar og gestir ,mikið er gaman og gott að sjá ykkur hér i kvöld og er mér ánægja og heiður að vera hér.Hverra manna spyrjum við gjarnan fyrir vestan er við kynnumst fólki,kanski eðlislæg forvitni síðan að amgöngur voru strjálli eða bara maður er manns gaman. fyrir þá sem vita ekki hver ég er,ég er ekki eingetin eins og kom fram i auglýsingum,er ég dóttir Finnborgar Jónsdóttur Sissu sem ættuð var úr Önundar og Sógandafirði,og Friðriks Tómasar Bjarnasonar málarameistara ,allaf kallaður Diddi málari eða Diddi á Horninu. Við vorum 6 systkinin , elstur er Jón Björn málarameistari svo Helga Maja systir mín , svo ég næst, þá Guðmundur Atli ,næst Steinþór Dúi veitingamaður bíóstjóri og málari ,svo Helgi Mar yngstur sprengjusérfræðingur og málari .Við misstum ástkær systkini okkar Helgu Maju sem lést af slysförum aðeins 10 ára og Guðmund Atla sem lést af hvítblæði 29 ára. svo á ég soninn Kristján Inga tæknifræðing og rafvirkja og auðvitað á ég heimsins flottasta son ,bræður og fjölskyldu. Ég á Ísafjörð og Ísafjörður á mig, sagði ég við Konna frænda fyrir meira en 35 árum er hann spurði af hverju ég flytti ekki suður. Lífið á Ísafirði ,sagan , bernskan,nálægðin vináttan og samheldnin. Föðurafi minn og amma sem ég ber nafn af Bjarni og Dísa eignuðust 13 börn og eru aðeins 4 eftirlifandi en þau eru ,Dídi ,Eyjólfur og Dúdú í USA OG Jón Aðalbjörn sem þið þekkið nú flest öll,og eru þau Dídi og Nonni stödd hér i kvöld ,og bið ég gesti að gefa þeim gott klapp,og bjuggu þau um árabíl á Horninu á Ísafirði og þeir

sem vita ekki hvar það er er það húsið beint á móti gamla Pósthúsinu ,og fjölskyldan mín iðulega kennd við og kallaðir Hornapúkar ,pabba þótt mjög vænt um þessa nafnbót Diddi á Horninu og bræðrum hans Jóa og Nonna ljósmyndara og fl líka og er ég er alltaf mjög stolt er ég er kölluð Hornapúki. Þau systkinin og fjölskyldan voru samheldinn og náinn hópur. Í fjölda ára voru þau í sambýli á Horninu við Bertu og Marsellíus skipamið og þar myndaðist órofa vinátta hjá þessum fjölskyldum ömmu og Bertu ,börnum þeirra eins og hjá pabba mínum og Öddu Massa og fóru þau saman á sitt fyrsta fullorðinsball ,hún í nýjum síðkjól og pabbi í sínum fyrstu jakkafötum, og síðan hafa hjörtun okkar Helgu Svenna og fleri afkomenda slegið í takt og vorum við einu stelpurnar sem unnu í Skipasmíðastöðinni hjá Massa ,hún á skrifstofunni og ég að mála bátana í slippnum ásamt fleirum, og nú eru leikfélagar heima á Ísaf 2 ungir 7 ára drengir Friðrik Tómas sonur Dúa bróður og Gróu og Albert Marzellíus barnabarn Högna Massa , og ég held að það sé ekki víða sem 4 kynslóða vinátta lifir , það er það sem gerir nándina á stöðum eins og Ísafirði sérstaka ,samheldnin sem fólk á stærri stöðum hefur bara ekki tíma til að rækta vegna td.fjarlægðar .Það er kanski að bera í bakkafullan lækinn að Hrolli skólabróðir minn var hér í fyrra og ég núna , en það er af nógum Hlíðarvegspúkum að taka og Hornapúkum líka. Fyrir mörgum árum er þær vinkonurnar Mamma mín Sjöfn hans Jóa Þorsteins, Milla hans Gumma Kýlirs og Bía Gísla voru í einu af sínu

morgunhitting búið að setja kartöflurnar í pottinn var skotist í vinkonu morgunkaffi ,þá töldu þær 39 börn undir fermingu á Hlíðarv bara frá nr 1 út að Hallabrekku, það var engin p -pilla í gangi þá, allir með 5. 6 .7.og 8. börn Gummi Óla engla og Gugga Valgeirs áttu metið 8 .stk og svo allir púkarnir þeirra,Sjafnar og Jóa ,Úffu og Eyjólf, Sigga Sveins og Deddu , Hjartar Stapa og Bíu , Þóru og Jónatans , Jönu og Viggós , Millu og Gumma , Þórólfs og Guðrúnar, Finns og Mæju Gunnars og svona mætti lengi telja og svo var eftir hópurinn f utan Hallabrekku. Það var stórkostlegt að fá að alast upp á Hlíðarv ,allt þetta frelsi úti frá morgni til kvölds leiksvæðin voru túnin fyrir ofan blokkina, Stóra Urðin ,sjúkrahústúnið, Blómagarðurinn ,Torfnesið ,og það var vinsælt að sveifla sér á köðlum sem bundnir voru uppi rjáfur inn í Víking og láta sig gossa á netahrúgurnar en maður varð að hlýða þegar kallaður var matur,þá tæmdist gatan. Nógir leikfélagar,það var ekkert verið að skilja útundan ,þá mættu mömmurnar og þeirra orð voru lög. Það var litskrúðugt mannlíf ,sterkir karakterar ,mörg bernskubrekin og ótrúlega græskulaus prakkarastrik,við vorum bara lifandi krakkar og allir fengu að njóta sín . Okkur fannst við kannski ekkert vera að stela rófum úr garðinum hjá Kitta á Garðstöðum ,og Siggu og Jóku stautu,eða þegar við gerðum út leiðangur að ná jarðarberin í garðinum hjá Hildi Súdda á Urðarv, við vorum bara að hjálpa þeim að borða þetta svo þetta skemmdist ekki .þau voru jú bara 2. og gátu ekki étið þetta allt ein.Vinaböndin og æskutaugar hafa haldist alveg

ótrúlega fallega þétt , eru eitthvað sem mölur og ryð fá ei grandað. Og við höfum haldið frá 97 árlegt Hlíðarvegspúka mót en það féll niður sl sumar og við höldum það áfram,meðan það eru að koma 80 til 170 manns.Á þessum púkamótum er löngu búið að kryfja lífið og tilveruna ,þið eruð eins og mafían þessir helvítis Hlíðarvegs púkar segja sumir ,og þið öll ofvirk og mikil fyrir ykkur ,það getur bara vel verið segi ég en ég held að við séum ekki ofvirk heldur bara VELVIRK, en hefðum sjálfsagt öll verið sett á ritalín dag, og það það er líka löngu búið að kryfja það og komin niðurstaða i það af hverju sumir púkanna á Ísafirði eru kenndir við mömmurnar Siggi Guggu ,Siggi Biu ,Nonni Dídíar, Gussi Millu, en við hin ekki ,það er einfalt pabbar þeirra voru sjómenn, og mömmurna réðu.Svo tók Barnaskólinn og æskuárin við og þar lendi ég líka á einstaklega samheldnum og flottum árgangi já þeim besta, sem bast vinaböndum 7 ára og þau hafa bara orðið nánari með hverju árinu sem líður , og höfum við haldið saman hópurninn upp á allskonar hitting ,fermingar ,gagnfræða og við oft hist árlega við sem erum búsett heima og Ekki alltaf þurft tilefni ,bara að vera saman, svo höfum við haldið saman uppá 35, 40, 45, 50, 55,árin (asskoti erum við farin að telja hátt) Og munum við nú i haust halda saman upp á stórafmæli.Þeir æskuvínir minir Þorsteinn Jó, Siggu Guggu og Siggi Bíu,spurja hvað þessi árgangur hafi eiginlega fengið með móðurmjólkinni. Strax 7ára kynnist ég Rósu Þorsteins eða Rósu i Gamla og Möggu hans Odds Örnólfs

og höfum við verið vinkonur frá 1 degi eða í 54 ár, og við Rósa höfum samband oft í viku, þetta er dýrmætt og ekki sjálfgefið. Einar Hreins hélt þangað til að Konni fluttu suður að við værum tvíburar, við komum alltaf saman í skólann og fórum saman. Eitt sinn er við vorum að undirbúa eitt skólamót hjá okkur og skólabróðir okkar og vinur Gísli Gulla í Bókhöðunni algjör gullmoli og þrúðmenni hefur séð um halda utan um netföng og senda póst fyrir okkur, og er ég kem á fund á tæknideildina hjá Gísla er vinnufélagi hans Hallvarður Aspelund þar, og flestir sem þekkja okkur vinkonur vita að við getum orðið óðamála ef okkur liggur mikið á hjarta, þá spyr Hallvarður ofur rólega, er Gísli í nefndinn með þér og Rósu, ?? Ég hélt það nú, þá skaut Hallvarður, já hvenær kemst hann að? Þegar þið Rósa stoppið að tala til að draga andann.). Svo heldur Halldór vinur minn Jóns Páls úti flottustu heimasíðu á landinu fyrir árganginn okkar. Einu sinni er við vorum 9 ára erum við í söngtíma hjá Ragnari H, og erum að syngja Fyrr var oft í koti kátt, úr skólaljóðunum sé ég að lagið er eftir Friðrik Bjarnason og textinn eftir Þorstein Erlingsson og er við förum úr tímanum segi ég við krakkana í hjartans barnslegri einlægni, því ég hélt að það væri bara til einn Friðrik Bjarnason, þetta er eftir pabba minn, og þeim fannst mikið til koma, svo gleymdi ég bara að spurja pabba í erli dagsins hvenær hann hefði samið þetta. Og í næsta tíma hjá Ragnari H spurði Ásgeir apótekarans vinur minn, hvort pabbi hennar Bjarndísar hefði samið fl. lög en þetta, þá hváði

Ragnar og hnussaði ,hann Diddi málari , nei hann getur ekki samið lög ,hann er að mála heima hjá mér og raular lög en hann er alveg vita laglaus, þar með var draumurinn búinn.Við áttum að skrifa tónstafi, og ég alveg innilega laglaus skrifaði bara þ með allskonar dúlleríi og Ragnar sagði þetta er flott teiknað hjá þér Bjarndís. Þetta minnir mig á i dag var ég á biðstofu hjá augnlækni,kemur gamall maður og gengur um og hann er að bisa við að taka verkjastíl úr eyranu á sér , og elskuleg konan í afgreiðslunni segir við hann ertu að taka stíl úr eyranu á þér,? er þetta stíll segir hann ,nú þá veit ég nú hvar heyrnartækið er..niðurkomið tautaði hann. Það fóru allir púkarnir snemma að vinna og fengum við mörg fyrstu vinnuna við að pilla í rækjuvinnslnunni á Torfnesi hjá Böðvari og fínt að pilla kg á dag og fá smá aukapening,ég held að flest allir efri bæja púkanna hafi farið í efra íshúsið til Jonna sem kenndi svo sannarlega öllum að vinna og ekkert slugs, blessuð sé minning hans og allar kerlingarnar í íshúsinu elskuðu hann .Þannig var lífið og það gátu alltaf allir fengið vinnu og var metnaður hjá krökkum að eiga pening upp á haustið. Ég fór að vinna með pabba fermingarárið mitt fyrst að mála bátana og síðan áfram og tók sveinspróf 75. og er ég næ í Sveinsbréfið mitt á Sýsluskrifstofuna ,er þar sýslufulltrúi ,lítill kyllir að sunnan og sagðist ekki geta skrifað upp á sveins bréf fyrir mig ,nú segi ég ,ég fékk 9, já en hann sagðist nu þurfa að skoða hvort ég væri sveinn eða sveina,þá sagði ég honum að hann skildi nú ekkert að vera að

ráðast í hluti sem hann réði ekki við. Ætla nú ekki að ræða ísfirski pólitík, en hún var fjörugri þá og skemmtilegri en hún er núna, eins og allir vita, en má til með að segja frá einni af Tedda Norðkvist, ljúfur drengur sem kenndi okkur ensku í lðnskólanum, hann var í framboði í Framsókn á Ísaf þegar við vorum í lðnskólanum og hvatti okkur í bekknum eindregið til að mæta á framboðsfund í Alþýðuhúsinu eitt kvöldið, svo við fjölmenntum og þá sitja frambjóðendur á sviðinu kratar og kommar vinstra megin Teddi í miðjunni og íhaldið hægra megin. svo færast harka í umræðurnar þá stendur Teddi upp og vaggar sér aftur á hælana, bendir með þumlinum til vinstri og svo til hægri og segir við salinn þetta er allt í lagi, þið getið ekki unnið saman, svo þið verðið að hafa okkur litlu framsóknar maddömunu með í meirihluta, þá kallar einn þekktur fundarmanna hátt utan úr sal, þið framsóknarmenn eruð eins og hóra, seljið ykkur bara dýrt fyrir stólinn, þá svaraði Teddi snöggur upp á lagið, já við erum kannski dýr hóra en við erum góð hóra. Í gegnum tíðina í málningarvinnunni hef ég unnið með með mörgum góðum og skemmtilegum félögum hjá pabba, bræður mínir allir málara, og sonur minn tekið iðulega í pensilinn með mömmu, Óla Eyjólfss Magga Sölu, Gunnari Sumaliða, sem eru og voru mér alveg einstakir tryggðar vinir, Gogga Bæsa, Jói Fúsa vini mínum, Dadda brasa, Burra Finnbjarnar sem vinnufélagarnir spáðu í hvort hann hétí Bifreiður. Í gegnum tíðina höfum við mikið unnið líka vestur á

öllum fjörðum og hefur það verið mér gefandi og skemmtilega lífsfylling að kynnast öndvegisfólki þar. Ég hef mikið unnið á Hrafnseyri þar sem sagan drýpur af hverju spori og Mjólkárverkjun síðan 68 ,og löngu orðinn smá Arnfirðingur í mér. Kristján Orkubústjóri gantaðist með það á aðalfundi Orkubúsins fyrir nokkrum árum ,allt sem er viðhald og viðhaldskostnaður er hún Bjarndís mín.Þá sagði Dodda mín, konan hans,ég er nú ánægð með að þú ert viðhaldið hans ,en þú færð laun fyrir það ekki ég. Það eru margar óborganlegar og skemmtilegar sögur af mannlífinu mönnum og málefnum sem hafa lifað og viðurnefnum á fólki. Pabbi var eitt sinn að mála hjá Jónu í Ísól og Kjartani lækni og átti að mála ganginn og fleira, Jóna spyr hvort ekki sé hægt að laga gulan lit ,svona lit svo það væri eins og sólin baðaði ganginn,en á þessum tíma voru blái, blágræni og brúni alsráðandi , pabbi hélt það nú ,og lagaði fyrir hana lit sem hafði nu ekki mikið sést ,og er hann var búinn var Jóna mjög hrifin og ánægð með hann en efaðist eitthvað um hvað vinkonum hennar fyndist , svo hún spurði pabba snögg upp á lagið á sinn hátt , Diddi, Diddi, ef kellingunum finnst liturinn flottur má ég þá segja að ég hafi valið hann , en ef þeim finnst hann ljótur, má ég þá segja að þú hafir valið hann. Jón Björn bróðir og Geir Gvendar Karls fóru til Ástralíu á sínum tíma í æfintýraferð og unnu þar, og er jólin komu það árið kom jólakort frá honum til Dadda Brasa og það var ekki flókin áletrunin : Daddi Brasi og fjölsk PUNGSTÖÐUM Ísafirði,hann vissi að Daddi

var nýfluttur í húsið sem Elí þung hafði átt. Margar málarasögur hafa fæðst í gegnum tíðina eins og er Steingrímur Hermansson var ráðinn kokkur á Guðrúnu Jóns hjá Jóa Júl en hann hafði verið að skoða bátinn með Jóa, og þar voru málararnir frá pabba Daddi brasi og Maggi Sölu að störfum og Daddi gantaðist við Magga að Steingrímur væri nýi kokkurinn og Maggi bauð honum umsvifalaust um borð að skoða bátinn og nýju vinnuaðstöðuna. Eiríkur vinur minn Böðvars góður sögumaður hafði verið í heimsókn á Landspítalanum að heimsækja föður sinn er Ísfirðingar spiluðu í úrvaldeild í körfubolta fyrir nokkrum árum og áttu að leika um kvöldið til úrslita um 1 sætið og átti að sjónvarpa leiknum um kvöldið og er Eiríkur kveður pabba sinn til að fara á leikinn í Reykjavík, ítrekar hann að hann sé búinn að stilla sjónvarpið og leikurinn sé að byrja og hann verði að horfa á hann. Daginn eftir kemur Eiki í heimsókn og spyr pabba sinn hvort honum hafi ekki fundist leikurinn spennandi, þá sagði pabbi hans ég beið og beið eftir að hann byrjaði, ég sá aldrei neinn Ísfirðing þetta voru bara svertingjar að spila svo ég slökkti bara á sjónvarpinu. Svona lifa glettnar sögur af mönnum og málefnum, og eru oft alveg óborganlegar og gefa lífinu lit, eins og þegar sami Böðvar kom á Flugfélagið til Jóns Karls en skrifstofa þess var þá í Elíasar Páls húsinu, þar sem Stjórnsýsluhúsið stendur nú, það hafði ekkert verið flogið í marga daga á Ísafjörð sem var alvanalegt og þá var alltaf settur miði í gluggann með stórum stöfum "EKKERT FLOGIÐ Í DAG."

Sagan segir að Jón Karl hafi heyrt eitthvað krefs á rúðunni og kíkt út , þá hafi Böðvar krefsað F af svo að eftir stóð "EKKERT LOGIÐ I DAG " og svo hljóp Böðvar upp Hafnarstrætið með EFFFFið i hendinni og Jón Karl hlaupandi á eftir yfir snjóskafana ,og kallaði komdu með EFFFFFið helvítið þitt. Það er gott að búa á Ísafirði ,gott mannlíf með mikilli menningu, og þar eru rötgrónir bæjarbúar, flottir og skemmtilegir kvistir í mannlífsflórunni sem setja svo sannarlega svip á bæjarlífið, og auðvitað er hann fallegasti bærinn með sinn sjarmerandi miðbæ gömlu hús og flottu svipsterku götur ,einstakur ,með alveg ótrúlega víða félagsvirkni ,þar er allt klúbbbar ,kórar ,kvenfélög leikklúbbbar, já nefndu það. Strákarnir mínir Kristján Ingi og Helgi Mar voru báðir sprengjarar i Vestfjarðargöngunum og fóru svo i Hvalfjarðargöngin skömmu seinna, höfðu gaman að segja frá því að sprengjumönnunum sem höfðu verið fyrir vestan hafi hálfpartinn brugðið er þeir kom á Skagann 5000 manna bæjarfélag ,fundu engan miðbæ , þá var ekki bío þar,rólegt yfir mannlífinu og lítið um að vera og fundist Ísafjörður eins og lítil heimsborg til samanburðar .Það hefur margt breyst i atvinnu umhverfinu ,margt farið og annað komið og vitna i grein sem Magnús Reynir drengur góður og alveg frábær penni sendi i bb nú i jan og yfirskriftin var Hverjir gæta hagsmuna Vestfirðinga ?????.Kanski vantar okkur svona forystu jaxla sem berjast fyrir okkur og trúa á það, eins og þeir sem á sínum tíma sem börðust fyrir að við fengjum flugvelli ,togara i

hvert sjávarpláss og héldum okkar afla ,jarðgöng og byggðirnar blómstruðu. Já hvar eru þau NÚNA ??? Það virðist ekki renna hratt blóðið er komið er á þing. Ef ég væri 1 dag á Bessastöðum væri ég fyrir löngu búin að sæma stórriddarakrossi fólk eins og Ólaf B Halldórsson á Ísafirði sem hefur af einstakri elju byggt upp Vestra húsið ,gamla íshúsið ásamt meðeigendum sínum og er það orðið að glæsilegu Háskóla og Þróunarsetri sem hefur vakið verðskuldaða eftirtekt víða um heim, Guðna Einarsson framkvstjóra í Ségandafirði sem sér fallega um bæinn sinn var einn aflahæsti skipstjórinn en var ekkert að fara með kvóta auðinn sinn suður og sitja einn að honum á sínum rassi og hlúir að fólkinu sínu, er hann meiri bæjarstjóri hjá fólkinu sínu en bæjarstjórinn í Ísafjarðarbæ og fjármagnar ásamt fleirum augnaðgerðir víða í fátækustu ríkjum Afríku, og Hallgrím Sveinsson og Guðrúnu Steinþórsdóttur heiðurshjón sem voru staðarhaldarar á menningarstaðnum Hrafnseyri í 40 ár og ráku með reisn, og reka nú Vestfirski forlagið sem gefur út tuga bóka árlega.Þetta er fólkið sem setur svip á samtímann og samfélagið. EN þetta er nú mín skoðun, en ég er bara mjög ánægð hvað við Ísfirðingar erum rausnaleg ,við lánuðum þjóðinni forsetann okkar og biskupinn okkar , og auðvitað er Agnes úr okkar árgangi og við afskaplega stolt af þeim. Hann Óli Eyjólfsson málari vann hjá pabba í fjölda ára og ekta drengur, er mikill vinur minn og fóstbróðir, skemmtilegur og snöggur í flottum tilsvörum sem lifa og margar léttar sögur af honum,sem

gefa lífinu lit ,eins og er hann stóð á Sjúkrahústúninu og skoðaði minnisvarðann um Ragnar H ,hann var búinn að fá sér 1 bjór kanski 2, hann gekk í kringum steininn,hallaði undir flatt, kinkaði kolli og sagði svo ,þetta er bara ekkert líkt honum Ragnari H og gekki í burt. Eitt sinn var hann á balli með BG og Ingibjörgu og þá var algengt að fólk sendi miða til að biðja hljómsveitina að leika óskalög , en sumir komu bara upp að sviðinu .Þá var mjög vinsælt lagið "Five hundred miles away from home "með T.O.M Jones, Óli kom til Ingibjargar og sagði heyrðu Ingibjörg mín getið þið spilað lagið fyrir mig ÆÆÆÆ hvað heitir það nú aftur, já hérna lagið ja lagið Fimm hundruð manns á þúsund skóm. Það hafa verið margir litríkir karktkerar sett svip á lífið og ein var hún Júlla í Búð,hörku kelling sem þurfti að hafa fyrir lífinu dugnaðarforkur sérstök og hún var vinur vina sinna , við vorum að mála Félagsheimilið í Hnífsdal og átti að fara að vígja það ,þá kom hún höfðingi að fornum sið og gaf Félagsheimilinu 250 bolla sett og fyrst þegar sjónvarpið kom og þegar fréttirnar byrjuðu klæddi mín sig upp og setti pappírsrúllur í hárið ,mín ætlaði nú ekki að láta fréttamennina sjá sig eins og druslu í gegnum sjónvarpið. Hér er svo ein lauflétt , Hrólfur og Erna voru vistmenn á hælínu,dag einn kastaði Hrólfur sér úti laugina og sökk til botns, Erna stökk úti og bjargaði honum.Þegar yfirlæknirinn frétti af björgunarafreki Ernu ákvað hann að útskrifa hana þar sem hún væri búin að ná jafnvægi og snerpu á ný. Daginn eftir fór hann til fundar við Ernu og sagði ,jæja Erna

mín ,ég hef bæði góðar og slæmar fréttir . Góða fréttin er að ég ætla að útskrifa þig af hælínu þar sem þú sýnir góð merki um bata og að þú bjargaðir honum Hrólfi. Slæma fréttin er hins vega sú að hann Hrólfur er dáinn, hann hengdi sig karlgreið i beltinu sínu í gærkvöldi eftir að þú bjargaðir honum.....Þá sagði Erna nei nei, hann hengdi sig ekkert ,,, ég festi hann upp til þerris i gærkvöldi .. hvenær má ég fara heim. Jæja góðir gestir,hann Sammi Einars rakari á Ísafirði gaf út bók um jólin Rakarinn sem lék við hvern sinn fingur,léttar sögur af mönnum og málefnum og með viðurnöfnum sem hafa löngum loðað við heimafolk og hef ég vitnað i hana ,ég er nú ekkert að auglýsa hann en vildi láta ykkur vita að hann hefur gefið út 2 aðrar bækur því þær eru skemmtilegar og fást i Bókhöfðunni ég fór annað slagið á rakarastofuna að láta klippa mig ,því það var virkilega skemmtilegt að spjalla við þá Samma og Villa, þeir báðir höfðingjar.Og hér er ein sagan úr bókinni hans,um hann Maggút sem mér finnst alger bæjarprýði ,svo innilega eðlilegur og samkvæmur sjálfum sér, góður maður sem setur svo sannarlega fallegan svip á bæjarlífið .Sögur höfðu gengið um bæinn af framhjáhaldi og frjálslegu ástarlífi fólks sem var tengt Stjórnsýsluhúsinu .Sagan gerist á Mjallargötuhorninu snemma á laugadagsmorgni þar sem Siggi Súdda var að njóta kyrrðar og fegurðar sumarsins, þá kemur Maggút á þeysireið upp Hafnarstrætið og kallaði þannig að það undirtók i auðu strætinu, þaaað eeruu aaallir að rííða ööööllum þarna i

stjórnsýsluhúsinu þaað get ég sagt þér (Siggi glotti)) og bætti svo við ,þaað þarf ekkert að segja þér það ,þú veist allt um það,,, og svo var hann rokin. Jæja góðir gestir. Nú fer að líða að lokum og langar mig að fara með nokkrar línur úr ljóði sem ort var um árganginn minn fyrir nokkrum árum til minningar um þau skólasystkinin min Katý Guðmunds ,Rabba Jóns, Mumma þór,Árna Guðmunds ,Kristinn Hermanns og þau öll sem hafa kvatt okkur og til heiðurs þeim skólasystkinum mínum sem eru hér i kvöld.

Árgangur 1954.

Enn við komin erum saman

þá alltaf ríkir fjör og gaman.

Við alltaf munum æsku ljúfa daga

þegar öll í skóla við byrjuðum að kjaga,

við vorum alltaf afskaplega hress

eflaust jók það kennaranna stress.

Það var gaman þetta er alveg satt

þegar út um gluggann "kladdinn"datt,

og töluvert það tók á kennarann

þegar teiknibólu hann fékk í sitjandann,

við elskuðum hann engu að síður þó

en inn í okkur lítill púki bjó.

Þá var alltaf eitthvað hægt að gera

áhyggjur við þurftum ekki að bera,

þá sérhver dagur leið við leiki og gaman

við lifðum bara til að vera saman.

En síðan tóku unglingsárin við

og ekki var þá minna gamanið,

skólahljómsveit reif upp rokkið þar

og Rabbi Jóns hann barði trommurnar.

Kvikmyndin um þennan árgang er

AFREKSVERK, það skilja allir hér.

Mummi Þór þá aldrei af sér dró

að erfiðleikunum hann bara hló.

Þótt árum fjölgi,ennþá erum við

innst í hjörtum samhent púkalið,

ýmsir líta yfir árganginn

og óska að mega ganga í söfnuðinn.

Á svipuðum tíma öll við erum getin

Það er augljóst mál, þá var hollur matur étinn.

Já árin breyta okkur fjarska lítið

er þetta ekki dásamlegt og skrýtið,

þó hárum fækki og fölni liturinn

þá finnst í okkur sami krafturinn.

Hrukkurnar þær myndast ein og ein

þær gera jú ekki nokkrum manni mein,

það er nú svo ,við erum bara við

og munum ávallt standa hlið við hlið .

Áföllum við aldrei sleppum frá

aðstoð veita góðir vinir þá,

í hópnum fækkað hefur gegnum árin

þá hjálpum við hvort öðru að þerra tárin.

Við minnumst þeirra sem héðan eru horfin

í hjörtu okkar mynd af þeim er sorfin,

þau gleymast ekki þó gleðin taki völd

og gleðjast efalaust með okkur hér í kvöld.

Svo lífsglöð, hress og yndisleg við erum

og aldurinn með virðuleika berum,
en nú er mál að ljúka lestrinum
við lifum öll í sælum minningum
við erum stoltar af okkar árgangi
Ástarkveðjur frá Rósu og Bjarndísi.

Guðríður Guðmundsd.

Þá er hér einn léttur að lokum

Hann Halli á Ísafirði kom að konunni þar sem hún var að bogra yfir ofninum og sagði við hana , djöfull ertu oðin breið kelling,,,,þú ert að verða eins og gott gasgrill að breidd,,,svo þegar komið er upp í rúm um kvöldið og gerði gamli að sjálfsögðu tilkall og hvíslaði ,, eigum við ekki að taka á því gamla,,,Þá fussaði og hnussaði í frúnni ,ertu eitthvað vangefinn eða hvað ,heldur þú virkilega að ég fari að HITA upp heilt gasgrill fyrir eina pínkulitla pylsu !!!!!!!!!!!

Svo vil ég að lokum þakka kærlega fyrir mig kæru Ísfirðingar og góðar stundir.